



Lúxemborg, 12. desember 2024

## FRÉTTATILKYNNING 15/2024

### Dómur í máli E-16/23 *Eftirlitsstofnun EFTA gegn Noregi*

#### **BÚSETURÉTTUR RÍKISBORGARA ÞRIÐJU LANDA SEM FARA MEÐ FORSJÁ BARNIS SEM ER EES RÍKISBORGARI**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag fjallaði EFTA-dómstóllinn um rétt ríkisborgara þriðja lands, sem fer með forsjá barns sem er EES ríkisborgari, til búsetu í samræmi við Sambandsborgaratilskipunina („tilskipunin“).

Mál þetta, sem Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) höfðaði gegn Noregi, sneri að því hvort túlkun og beiting Noregs á innflytjendalöggjöf landsins væri í samræmi við skyldur ríkisins samkvæmt tilskipuninni.

Noregur hafði synjað ríkisborgara þriðja lands, sem fer með forsjá barns sem er EES ríkisborgari, um búseturétt. ESA hélt því fram að slík stjórnsluframkvæmd kæmi í veg fyrir að börn sem háð eru forsjáraðila sínum gætu nýtt sér búseturétt sinn að fullu til búsetu í Noregi, eins og kveðið er á um í b-lið, 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að börn með EES ríkisfang, sem hefðu fullnægjandi framfærslu, óháð uppruna þeirrar framfærslu, ættu rétt á búsetu samkvæmt tilskipuninni. Jafnframt lagði EFTA-dómstóllinn áherslu á að búseturétturinn næði einnig til þess forsjáraðila sem býr með börnum sínum, þótt þeir séu ríkisborgarar þriðja lands. Enn fremur taldi EFTA-dómstóllinn að með synjun á búseturétti forsjáraðilans væri verið að skerða búseturétt barnsins og þar með væri grafið undan grundvallarreglum tilskipunarinnar.

Norsk stjórnvöld verða nú að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast við dómi EFTA-dómstólsins.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [eftacourt.int/cases/e-16-23/](https://eftacourt.int/cases/e-16-23/).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.